

Samtök iðnaðarins Fundur um verkframboð



Óli Grétar Blöndal Sveinsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs
18. mars 2011


- Framkvæmdir við Búðarháls
- Lokaframkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun
- Norðausturland
- Neðri Þjórsá
- Samantekt



Landsvirkjun Fjárfestingar 1995 - 2011


Árlegar fjárfestingar
Mkr

Uppsafnað
Mkr



Búðarhálsvirkjun

95 MW



- Framkvæmdir hófust fyrst 2001, með greftri fyrir stöðvarhúsi, lagningu aðkomuvegar og smíði brúar yfir Tungnaá. Frekari framkvæmdum frestað 2002
- Vinnubúðir fyrir eftirlit Landsvirkjunar voru settar upp árið 2009 og einnig var lagður jarðstrengur og fjarskiptastrengur frá Hrauneyjafossstöð að stöðvarhússvæði Búðarhálsvirkjunar.
- Framkvæmdir hófust að nýju haustið 2010.
- BUD-01 Byggingarvinna, stífla, göng og stöðvarhús. Verkið auglýst í júní 2010, tilboð opnuð í lok ágúst og Ístaki hf veitt verkið í október 2010. Framkvæmdir hófust fljótlega og eru nú um 80-90 manns á verkstað. Unnið er að aðstöðusköpun og greftri fyrir sveifluþró og stöðvarhúsi.
- BUD-30 Vél- og rafbúnaður. Forval fór fram vorið 2008 en útboðsferlið var stöðvað vegna efnahagsástandsins haustið 2008. Útboðsferlið sett af stað að nýju í júní 2010 og þýska framleiðandanum Voith Hydro veitt verkið í desember. Nú vinnur Voith Hydro að lokahönnun og sögrás er komin í framleiðslu.
- BUD-33 Lokur og þrýstivatnspípur. Verkið auglýst í nóvember 2010 og tilboð opnuð í febrúar sl. Unnið er að yfirferð tilboða. Gert er ráð fyrir veitingu verks í byrjun apríl.

- Aðrir samningar
- BUD-65 Eftirlit. Verkið auglýst í janúar 2011 og tilboð verða opnuð 22. mars.
- BUD-08 Rekstur á mötuneyti og vinnubúðum Landsvirkjunar. Verkið auglýst fljótlega. Landsvirkjun mun reka vinnubúðir fyrir eftirlit og verktaka í BUD-30 og 33.
- Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi ársverka sem skapist á Íslandi vegna byggingar Búðarhálsvirkjunar verði á milli 600 til 700 yfir allan framkvæmdatímann. Þegar flest verður á vinnustað verða þar um 250 manns.
- Framkvæmdatími er þrjú ár og er gert ráð fyrir að Búðarhálsvirkjun hefji orkuframleiðslu í lok árs 2013.
- Heildarútgjöld 26.020 mkr, þar af áfallið 1.700 í lok árs 2010
 - 2011 áætluð 6.204 mkr
 - 2012 áætluð 8.500 mkr
 - 2013 áætluð 8.500 mkr
 - 2014 áætluð 1.216 mkr













Útgjöld til framkvæmda árið 2011 eru áætluð um 130 mkr

Tvö útboð á árinu

- **KAR-21 a** Jökulsárgöng viðhald og hreinsun auglýst í apríl 2011
- **OAK-101** Háslón. Rofvörn sandgildra (unnið á 2 árum) auglýst í mars 2011
- Auk þess verður unnið að óloknum verkum skv. fyrri útboðum.

Sauðárveita: Hugsanlega ráðist byrjunarframkvæmdir nú í sumar

Virkjanasvæði á Norðausturlandi

Húsavík

Álver á Bakka
250.000 t/ári

Þeistareykir
allt að 200 MW

✖ Gjástykki 45 MW

✖ Krafla allt að 150 MW
Krafla 60 MW

✖ Bjarnarflag
90 MW

Akureyri

Reykjahlíð

Mývatn

Skjálfandáfljót

Jökulsá á Fjöllum



0 10 km



Áætlaðar virkjanir á Norðausturlandi

- 40 MWe stækkun núverandi Kröflustöðvar, MÁU lokið
- Bjarnarflagsvirkjun, 90 MWe, MÁU lokið, unnið er að útboðsgagnagerð fyrir 1. áf. 45 MWe
- Ný virkjun á Kröflusvæðinu, KRA II, MÁU lokið allt að 150 MWe
- Þeistareykjavirkjun, MÁU lokið allt að 200 MWe

Framkvæmdir 2011


- Heildar framkvæmdir og rannsóknir áætlaðar um 1.500 mkr.

Helstu útboð

- Lagning 1. áf. Þeistareykjavegar nyrðri
- Rannsóknarboranir í Kröflu og Þeistareykjum
- Framkvæmdir við borvatnsveitur
- Útboð ráðgjafapjónustu fyrir Bjarnarflagsvirkjun

Óvissa ríkir um upphaf virkjunarframkvæmda. Undirbúningsvinna miðast við að hægt sé að hefja framkvæmdir í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum með stuttum fyrirvara.

Virkjanir á Suðurlandi



- Mat á umhverfisáhrifum virkjananna var staðfest 2004 með fyrirvörum. Staðið hefur verið við alla fyrirvara. Við hönnun virkjana hefur verið verulega dregið úr umhverfisáhrifum þeirra.
- Aðalskipulag Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur nú verið staðfest af umhverfisráðherra. Fyrir liggur staðfest skipulag fyrir sveitarfélögin austan árinna. Vinna við gerð deiliskipulags virkjunarsvæða er hafin og verður lokið við það áður en virkjunarleyfi er veitt.
- Um 90% útboðshönnunar vegna Hvammsvirkjunar er lokið og um 50-60% útboðshönnunar Holta- og Urriðafossvirkjunar. Unnt er að ljúka henni og útboðsgagnagerð og á 6-12 mánuðum.
- Samanlagður verktakakostnaður virkjananna þriggja er 75 milljarðar kr. (jan.2010)

Unnið er að samningum við landeigendur og miðar þeirri vinnu vel. Samningsgerð langt komið fyrir Hvamms og Holtavirkjun.


Í samstarfi við Vegagerðina hefur verið unnið að hönnun tengivega og brúar á Þjórsá við Búða. Útboðsgögn liggja fyrir.

Ekki verður farið í þær framkvæmdir fyrr en virkjunarleyfi fæst fyrir Hvamms- eða Holtavirkjun. Beðið er niðurstöðu 2. áfanga rammaáætlunar.

Aðrar vegaframkvæmdir vegna fyrirhugaðra virkjana eru:

- **Lagning vegar (Þjórsárdalsvegar) norðan við inntakslón Hvammsvirkjunar**
- **Endurbygging aðkomuvega að virkjunum austan Þjórsár**

Virkjanir í Neðri Þjórsá



Landsvirkjun hefur og mun beita sér fyrir framkvæmdum eftir því sem aðstæður leyfa.

Viðræður eru í gangi við marga aðila um mögulega orkusölu

Óvissa ríkir um fjármögnun framkvæmda.



Þakka áheyrnina!

